



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 2. tbl.

Febrúar 2015

14. febrúar 2015
Árnesi og Þjórsárskóla



Gaman saman

Kl. 13:00 - Setning hátíðar í Árnesi

Kl. 13:20 - Fyrirlestur Jóhanns Inga (í Þjórsárskóla)

Að vinna sigra saman

Sami tími - Kynning á ungliðabjörgunarsveitinni Vindi í Þjórsárskóla
Sprell á vegum ungmennafélagsins í Árnesi

Föndur-, spil-, kubba-, lestrar- og perlstöðvar í Þjórsárskóla

Kl. 14:50-15:20 - Boðið upp á kaffiveitingar í Árnesi

Kl. 15:30-16:10 - Í Þjórsárskóla :

Málstofa um búskaparmál (Bjarni Músson og Björgvin Harðarson)

Málstofa um netöryggi (Einar Bjarnason)

Skák fyrir alla (Úlfhéðinn Sigurmundsson)

Föndur-, spil-, kubba-, lestrar- og perlstöðvar

Opið hús í Slökkvistöðinni og Björgunarsveitarhúsinu

16:20-16:40 - Kynning á ART og Grænfánum frá Þjórsárskóla, í skólanum

Hestamannafélagið Smári segir frá æskulýðsstarfi sínu

17:00 - Slit á deginum og fjölskyldubíó hefst í Árnesi

Gos og popp úr poppvél selt á staðnum



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5.mars.2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**



Opið öll fimmtudagskvöld kl.20:00—22:00

Ennþá tími til að kíkja í bók!

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Alltaf hægt að skila um lúguna!

Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 480-5112 Neyðarsími 112

Apótekið opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Skákæfingar og spjall

á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!



kl. 20:30. Munið að **allir** 15 ára og eldri eru hjartanlega velkomnir. Töfl og klukkur á staðnum!
Stjórn Umf. Gnúpverja



Annríki
Þjóðbúninga og skart

Laugavegur 19 - 220 Hafnarfjarður - Sími 880075 - 880082
Höfundar: Annríki Þjóðbúninga og skart - Vefur: annariki.is

Námskeið í Þjóðbúningasaumi

Haldið verður námskeið í þjóðbúningasaumi í upp-sveitum Árnessýslu á vorönn. Námskeiðið verður fimm laugardaga frá janúar til apríl og verður það í Flúðaskóla. Kennt er laugardaga frá kl. 11-17, dagana

14. febrúar, 28. febrúar, 21. mars, 11. apríl og síðasti

tíminn er **18. apríl**. Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar upphlut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér svuntu eða blússu. Námskeiðsgjald er **kr. 135.000** og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað. Allt efni er hægt að kaupa á staðnum.

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði. Þjóðbúningakynning verður haldin laugardaginn 10. janúar í Félagsheimili Hrunamanna. Þá eru allir velkomnir til að skoða þjóðbúninga og fá fræðslu um þá. Einnig verður þá veitt ráðgjöf og máltaka fer fram fyrir þá sem ætla að koma á námskeiðið. Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu í netfang:

ellajona@ellajona.net eða í sími: 8936423

Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

**Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi
v/Suðurbraut og þar er opið allan sólarhringinn!**

Dýragámur í Brautarholti er á sama stað og verið hefur
Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gáma-
svæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með
gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

*Hægt er að koma frá sér garðaúrgangi og afklippum trjáa á á-
kveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

***Munið að ætlast er til þess að einungis séu efni úr
jurtaríkinu sem losuð eru á þessu svæði.***

Íbúafundur um Þjórsárdalinn á næstunni.

Atvinnumálanefnd sveitarfélagsins hefur að undanfögnu unnið að greiningu á stöðu og framtíðarmöguleikum í Þjórsárdalnum. Sú vinna fer fram í samráði við aðra hagsmunaaðila. Um verðugt viðfangsefni er að ræða og hefur verið ákveðið að efna til íbúafundar um málefnið. Fundurinn verður haldinn í mars. Það verður nánar tilkynnt er nær dregur.

Sveitarstjóri.

Umhverfisverðlaun í Skeiða-og Gnúpverjahreppi – tilnefningar óskast.

Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2015 sem veitt verða aðila, sem skarar fram úr á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Litið verður til þess hver ásýndin er þegar komið er að staðnum, meðferð úrgangs, hve vel staðið er að flokkun og endurnýtingu hans, efnanotkun, mengunarvarnir, hver staðan er í frárennslismálum og framlag til umhverfismála. Fleira verður tekið til skoðunar ef þurfa þykir.

Þetta er einfalt, þið sendið ykkar tilnefningu og færið ykkar rök fyrir því af hverju viðkomandi ætti að hljóta þessi verðlaun.

Tilnefningar skulu berast skriflega til skrifstofu hreppsins í lokuðu umslagi, merkt Umhverfisverðlaun 2015 eða á netfangið

umhverfisnefnd@skeidgnup.is fyrir 20. mars.

Stefnt er að því að verðlaunin verði afhent á fyrirhugaðri byggðahátíð í júní.

Með kærri kveðju

Umhverfisnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps.



Aðalfundur Umf. Skeið

Aðalfundur Umf. Skeiðamanna verður
haldinn þriðjudaginn 24. febrúar kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

**Tímarpantanir í
síma: 856-1599**



FJÖR, FJÖR, FJÖR!

Hið árlega hjónaball Ungmennafélags Skeiðamanna verður haldið

laugardaginn 28. mars í Brautarholti ☺

Dagskrá verður með nokkuð hefðbundnu sniði, en hljómsveitin Stuðlabandið mun skemmta gestum fram eftir nóttu.

Nánar auglýst síðar. - Takið daginn frá Nefndin

Fréttir frá Leikdeild UMF Gnúpverja

Æfingar á leikritinu **Heilsugæslunni** eftir Lýð Árnason hófust eftir áramót og ganga vel. Leikendur eru tíu og fara með tólf hlutverk. Þeir eru flestir úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi en góðir Hrunamenn hlupu aðeins undir bagga með okkur. Stefnt er að frumsýningu um fyrstu helgina í mars. Sjáumst þá ☺ Leikdeild UMFG.

Lýður Árnason leikstjóri og höfundur Heilsugæslunnar, fyrir miðju, ásamt leikendum.



Frá Hrunaprestakalli

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2015



- 15. feb.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *mess*a í Ólafsvallakirkju kl. 14.
- 1. mars:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11.
- 15. mars:** *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphóla- kirkju kl. 14.
- 3. apríl – föstudagurinn langi:** *Passíusálmalestur* í Hrepphólakirkju frá kl. 13.
- 5. apríl – páskadagur:** *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 6. apríl – annar í páskum:** *Hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Ferming.
- 23. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11.
- 3. maí:** *Guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 24. maí – hvítasunnudagur:** *Ferming* í Hrunakirkju kl. 13:30.
- 25. maí – annar í hvítasunnu:** *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11
- 7. júní:** *1865-messa* í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. *Kvöldmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 20:30
- 17. júní:** *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.
- 21. júní:** *Guðsþjónusta* í Steinsholtskirkjugarði kl. 11. *Kvöldmessa* í Hrepphólakirkju kl. 20:30
- 16. ágúst:** *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14
- 23. ágúst:** *Síðsumarmessa* í Tungufellskirkju kl. 14
- 5. sept.- laugardagur:** *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.

S. 856-1572 og netfang:
oskar@hruni.is

**GEYMIÐ DAGSKRÁNA –
SJÁUMST Í KIRKJUNNI!**



Óska eftir húsnæði í Árnesi til leigu.

Helst með 2-3 svefnherbergjum, en skoða allt. Róleg, reglusöm og skilvísuð greiðslu heitið. Upplýsingar: Dís Sturlu 8680578 - disa87@hive.is

Pistill sóknarprests

Kæru sveitungar.

Ég þakka ánægjulegar samverur á síðustu vikum, bæði í kirkjunum okkar og eins á þorrablótunum. Fyrir nokkru var **dagskrá helgihaldsins** fram á sumar dreift í öll hús í prestakallinu og vona ég að henni hafi verið fundinn staður á ísskáp heimilisins. Sem kunnugt er samanstendur prestakallið okkar af fjórum sóknum, Hrunasókn, Hrepphólasókn, Ólafsvallasókn og Stóra-Núpssókn og tvisvar á ári hittast allar sóknarnefndir ásamt sóknarpresti til að stilla saman strengi.

Hvert fara þín sóknargjöld?

Síðasti fundur sóknarnefndanna var nú í janúar og var þá m.a. rætt um mikilvægi þess að brýna fyrir íbúum í prestakallinu að huga að trúfélagskráningu sinni. Sóknargjaldið sem er um 750 krónur á mánuði rennur til þess trúfélags sem fólk er skráð í en ef hins vegar fólk er utan trúfélaga þá rennur sóknargjaldið beint í ríkissjóð. Það er sem sagt ekki val að greiða sóknargjaldið heldur er það bundið í lög og innheimt í sköttunum okkar. Sé fólk skráð í þjóðkirkjuna er tryggt að sóknargjaldið rennur óskipt til þeirrar kirkjusóknar sem það tilheyrir. Þess vegna viljum við sem erum í forsvari fyrir kirkjustarfið í okkar samfélagi eindregið hvetja fólk til að skrá sig í þjóðkirkjuna, tilheyri það ekki henni nú þegar, og stuðla þannig að uppbyggingu á mikilvægu starfi í okkar nærumhverfi. Kóra- og menningarstarf, fjölbreytt helgihald árið um kring, tónleikar, barna- og æskulýðsstarf og sálgæsla er meðal þess sem sem kirkjan stendur fyrir ásamt því að eiga stefnumót við fólk á tímamótum mannsævinnar, við skírn, fermingu, hjónavígslu og útför. Hægt er að nálgast eyðublöð til trúfélagskráningar á vef þjóðskrár Íslands skra.is en einnig hjá sóknarpresti sem auk þess veitir fúslega frekari upplýsingar. Við þurfum á sóknargjöldum sem allra flestra að halda til að standa vörð um kirkjustarfið á okkar svæði.

Viðmiðunargjald fyrir afnot af kirkjum

Á fundi sóknarnefndanna nú í janúar var einnig rætt um að setja upp viðmiðunargjaldskrá fyrir fólk sem býr utan okkar sókna og óskar eftir afnotum af kirkjunum til sérathafna og er þá einkum átt við skírnarathöfn og hjónavígslu. Yfirleitt þykir fólki sem kemur að mjög eðlilegt að greiða eitthvað fyrir afnot af kirkju og hefur þá stundum sett einhverjar krónur í kirkjubaukinn þar sem ekki hefur verið tilgreind nein sérstök upphæð. Með því að setja upp viðmiðunargjald þá fá allir sömu svör þegar spurt er um kostnað vegna afnota af kirkju. En gjaldinu er ætlað að koma til móts við kostnað sem m.a. snýr að kirkjuvörslu, þrifum ofl. vegna athafnanna. Rætt var um upphæðir eins og 3.000 kr. fyrir afnot af kirkju v. skírnar og 10.000 kr. v. hjónavígslu. Til að byrja með verður ekki um stranga innheimtu að ræða heldur verður þessum tilmælum beint til fólks vilji það styðja við kirkjuna og kirkjustarfið í viðkomandi sókn.

Þá var einnig ákveðið á fundinum að samræma gjald á milli kirkjugarðanna í prestakallinu vegna afnota á rafmagni á ljósakrossum á aðventunni og um jól. Stefnt er að því að gjaldið verði 1.000 krónur og er þá miðað við að fólk geti fengið aðstoð við uppsetninguna fyrstu helgina í jólaðöstu.

Til sóknar með kirkjunni!

Eftir efnahagshrunið varð verulegur niðurskurður hjá mörgum lykilstofnunum í samfélaginu. Kirkjan tók sinn skerf þar og gott betur því niðurskurður hjá kirkjunni var ríflega fimmtungi meiri en hjá öðrum stofnunum á vegum innanríkisráðuneytisins svo dæmi sé tekið. Vonandi sér fyrir endann á þeim niðurskurði og raunar eru vísbendingar uppi um að að ríkið ætli að bæta kirkjunni að einhverju leyti upp þennan umfram niðurskurð á næstu misserum. Því bæri að fagna. Ég minni á heimasíðu prestakallsins, **hruni.is**, þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um helgiöldið, nýtt efni birtist á síðunni í hverri viku. Einnig vek á athygli á afmælisdagskrá í tengslum við 150 ára afmæli Hrunakirkju á þessu ári.

Við skulum áfram standa vörð um öflugt kirkjulíf í okkar samfélagi þar sem fjölbreytileiki, gleði og vinátta ráða ríkjum. Kirkjurnar okkar eru ekki varnarkirkjur heldur sóknarkirkjur og því skulum við sækja fram með boðskapinn góða um kærleika og fyrirgefningu.



Með blessunaróskum.
Óskar Hafsteinn Óskarsson

Frá Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.

Glöggskyggjir hafa tekið eftir að á „messuplani“ prestsins er ekki gert ráð fyrir neinni messu í Stóra-Núpskirkju fyrr en á páskum! Þetta er EKKI messuleti í blessuðum prestinum heldur er ástæðan sú að nú er verið að gera við undirstöður kirkjunnar sem voru mjög illa farnar af völdum jarðskjálftanna árið 2000, að talið er, en við þær sprakk sökkullinn þrettán sinnum og miðja kirkjunnar gekk upp og húsið misseig. Þrándarholt sf tók að sér 1. áfanga verksins og hefur nú lokið við að spengja saman allar sprungur á sökklunum og rétta gólfíð af. Fyrir liggja meiri viðgerðir á tréverki og gólfi og svo á að mála kirkjuna að innan. Þá þarf að líma sprungur sem eru í gegn á útsökklum og einnig þarf að steypa undir og styrkja suðvestur og norðaustur hornin. Það er sumarvinna, en reynt verður að halda áfram með eitthvað af hinu núna á næstu vikum til páska. Ásýnd gólfsins hefur þegar breyst til batnaðar og vonum við að eftir þessar framkvæmdir standi sóknarkirkjan okkar mun sterkari eftir og kirkjugestir framtíðarinnar fái enn betur notið þeirra góðu og uppbyggilegu stunda sem presturinn okkar gefur í þessu fallega húsi sem Stóra-Núpskirkja er.

Sjáumst í hátíðarskapi á páskadag 5. apríl kl. 14:00 ☺ Hlakka til.

Með bestu kveðjum f.h. Sóknarnefndarinnar. Kristjana Heyden G.

Hver er þín viðskiptahugmynd?

Vinnumálastofnun/velferðarráðuneytið auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2015 lausa tilumsóknar.

- Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.
- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
 - Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
 - Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
 - Viðskiptahugmynd sé vel útfærð
 - Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar og gerðar markaðsáætlunar, þróunar vöru eða þjónustu, hönnunar og efniskostnaðar.
 - Ennfremur geta konur sem hafa fullmótaða viðskiptaáætlun og hafa hug á því að stofna fyrirtæki á næstunni eða hafa stofnað fyrirtæki en ekki hafið rekstur, sótt um styrk til að komahenni í framkvæmd.

Heildarféð styrkja að þessu sinni eru kr. 35.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 3.000.000. Ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 400.000.

Umsóknarfrestur er frá 15.janúar til og með 16.febrúar og skal sækja um rafrænt hér á heimasíðu verkefnisins en þar má ennfremur finna nánari upplýsingar um styrkina.

www.atvinnumalkvenna.is

Atvinnumál kvenna á Facebook <https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna>

Uppsveitakort 2015

Nú er hafin árviss endurskoðun á Uppsveitakortinu sem gefið er út árlega í 40.000 eintökum og dreift víða. Hægt er að skoða kortið á

vefnum www.sveitir.is/kort

Vinsamlegast hafið samband ef þið hafið athugasemdir eða upplýsingar um breytingar á korti eða þjónustulista. Hjálpumst að við að gera gott kort betra.

Með kveðju frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu

asborg@ismennt.is sími 8981957

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Á nams.is má finna ýmsa námsleiki í íslensku og í takt við tækniþróun er farið að búa til námsleiki fyrir spjaldtölvur. Eldgrímur kom út árið 2014 og höfundur sögu og verkefna er Kristín Gísladóttir, kennari í Þjósárskóla. Vefslóð: <http://vefir.nams.is/eldgrimur/>



Eldgrímur dreki er gagnvirkur vefur ætlaður nemendum á yngsta stigi grunnskólans, einkum 7–9 ára börnum. Vefurinn nýtist þó fleirum, nemendum með annað móðurmál en íslensku og þeim sem taka hægum framförum í móðurmálinu og þurfa mikla endurtekningu. Á vefnum er farið í stafrófsröð, samheiti og andheiti, að búa til samsett orð, rím, sérnöfn, samnöfn o.fl.

Þjósárskóli er ríkulega búinn af spjaldtölvum og hefur Eldgrímur m.a. verið nýttur í kennslu hjá 1.-2. bekk, hringekju í 1.- 4. bekk og í sérkennslu. Einnig er upplagt fyrir foreldra að skoða vefinn með börnunum sínum heima.

Kristín er höfundur fleiri verkefna hjá nams.is og má þar nefna:



Samvinna

Á dögunum komu nemendur úr 7. bekk inn til nemenda í 1.-2. bekk sem aðstoðarkennarar. Þeir voru paraðir saman og byrjuðu á því að lesa og skrifa orð og unnu síðan saman að fleiri verkefnum. Flottir krakkar og góðar fyrirmyndir fyrir þau yngri.



Útikennsla

Frá því í haust hafa krakkarnir í 7. bekk verið í verkefni með Lilju, sem við köllum „Kálfá“. Þá fórum við einu sinni í mánuði, göngum sömu vegalengdina frá Nónsteini og að gömlu Kálfárbrúnni, þau taka minnisþunkta um hvað þau sjá á leiðinni og teknar eru myndir. Þeim er síðan skipt í hópa þar sem þau taka saman minnisþunktana og færa inn á veggspjald ásamt myndum. Markmiðið er að sjá breytingar á og við ána eftir árstímum.



Sníóbýlagerð

Miklar og flottar framkvæmdir hafa verið á skólalóðinni síðustu vikur. Þar hafa risið mörg snjóhús og eru þau farin að mynda býli. Góð samvinna er á milli yngri og eldri nemenda og hugmyndaflug þeirra nýtur sín.



Kær kveðja úr Þjórsárskóla
Bolette og Kristín.



Smárafréttir

FEBRÚAR 2015



ÆDALFUNDUR Smára var haldinn á Hestakránni 26 janúar sl. Á fundinum fóru fram hefðbundin störf, reikningar og skýrsla stjórnar lögð fram til samþykkt, nefndir skiluðu skýrslum og fóru yfir það sem framundan er. Einnig var ráðið í þó nokkrar lagabreytingar og má finna ný lög inn á heimasíðu félagsins www.smari.is

Kosin var stjórn og varastjórn, skoðunarmenn reikninga og skipað í helstu nefndir. Nefndarskipan má sjá á næstu bls. og á www.smari.is Lilja össurardóttir gaf ekki kost á sér aftur og í hennar stað var kosin Svanhildur Pétursdóttir. Stjórn Smára býður Svanhildi velkomna til starfa og þakkar um leið Lilju kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

STJÓRN

Ingvar Hjálmarsson formaður
Hulda Hrönn Stefánsd. Varaform.

Bára Másdóttir gjaldkeri
Svanhildur Pétursdóttir
Þóalheiður Einarsdóttir

VARASTJÓRN

Lilja Össurardóttir
Einar Logi Sigurgeirsson
Bára Sævaldsdóttir

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Porgeir Vigfússon
Haukur Haraldsson

TIL VARA

Haraldur Sveinsson
Bjarni H. Ásbjörnsson

BLÆSBIKARINN

í minningu Blæs frá Langholtskoti

er afhentur þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglegar framkomu á síðasta ári. Blæsbikarinn fyrir árið 2014 hlaut

ÞÓRARINN RAGNARSSON.

Þórarinn var mjög sýnilegur á mótum ársins 2014. Sigráði m.a. Einstaklingskeppni Uppsveitadeildarinnar þar sem hann vann t.d. Fjörgang og tölt og var í 2.sæti í skeiði og 4 sæti í fimmgang. Hafnaði í 4 sæti í tölti á LM2014 og 1 sæti í A flokki á gæðingamóti Smára. Þórarinn er því vel að viðurkenningunni kominn og vill stjórn Smára óska honum innilega til hamingju með frábæran árangur.



HELSTU VIÐBURÐIR 2015



14 FEBRÚAR

20 FEBRÚAR

7 MARS

14 MARS

20 MARS

1 APRÍL

11 APRÍL

17 APRÍL

25 APRÍL

1 MAÍ

9 MAÍ

1. VETRARMÓT

UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

2. VETRARMÓT

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ

3. VETRARMÓT

FIRMAKEPPNI

UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR

ÆSKULÝÐSNEFND

Meike Witt

Ragnar S. Geirsson

Bjarni Birgisson

Sigurður Unnar Sigurðsson

Guðbjörg Jóhannsdóttir

Elín Moquist

FIRMANEFND

Hulda Hrönn Stefánsdóttir

Aðalheiður Einarsdóttir

Ása María Ásgeirsdóttir

Bjarni Gunnlaugur

Bjarnason

VALLARNEFND

Helgi Kjartansson

Jökull Helgason

Sigfús Guðmundsson

MÓTANEFND

Guðríður Eva Þórarinsdóttir

Elín Moquist

Björgvin Ólafsson

Björgvin Viðar Jónsson

Ragnhildur Stefanía

Eypórsdóttir

ÚTREIÐANEFND

Þorsteinn Loftsson

Stefanía Sigurðardóttir

Sigurður Unnar Sigurðsson

FULLTRÚI SMÁRA Í

FRAMKVÆMDANEFND

UPPSVEITADEILDARINNAR

Hermann Þór Karlsson

FULLTRÚAR SMÁRA Í STJÓRN

REIÐHALLARINNAR Á FLÚÐUM

Bjarni H. Ásbjörnsson

Sigurður H. Jónsson



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar!

Nú förum við á flug og byrjum árið með stæl!

Strax núna í febrúar byrjum við með **reiðnámskeið með Gunnu** og í mars með undirbúning fyrir **UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR**.

Frá miðjan apríl munum við bjóða upp á **"reiðskóla"** á mánudögum í Reiðhöllinni á Flúðum. Þessi reiðskóli hentar öllum, vönum og óvönum og verður hægt að fá trausta hesta lánaða.

Þetta verður auglýst betur þegar nær dregur!



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

Nú styttest í mótaroð Uppsveitadeildar Æskunnar en æskulýðsnefndir Loga og Smára vilja kanna þáttöku barna og unglunga til að sjá hvort að næg þáttaka sé til að halda mótaroðina.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt vinsamlegast sendið mail þar sem fram kemur:

NAFN OG ALDUR KEPPANDA OG Í HVAÐA GREIN/GREINUM
KEPPANDI VÆRI TIL Í AÐ TAKA ÞATT Í

ATH. Þetta er bara könnun, ekki bindandi skráning!

7.mars. Keppt í þriggangi barna og fjórgangi unglunga.

11.apríl. Keppt í fjórgangi og töltil barna og fimmgangi og töltil unglunga.

9. maí. Keppt í smala barna og smala og fljúgandi skeiði unglunga.

Vinsamlegast sendið mail fyrir 15.febrúar á:

smarakrakkar@gmail.com

Fyrirhugað er að halda kynningarfund fyrir knapa og foreldra þann 15.febrúar til að fara vel yfir nýja regluverkið Uppsveitadeildarinnar Æskunnar.

**Vinsamlegast verið dugleg að fylgjast með
tilkynningum á Facebook síðu okkar
"Smáarakrakkar"!**

kveðjur, Æskulýðsnefnd



Leikur og nám í Leikholti



Það er ánægjulegt að segja frá því að nýr nemandi er byrjaður í Leikholti. Hún heitir Ragna Margrét og er í Smáholti. Við bjóðum hana og foreldra hennar velkomin til okkar í Leikholti. Hér með eru myndir þar sem má sjá börnin í leik og starfi.



Sniglahópur í gönguferð með Bjarka að virða fyrir sér nánasta umhverfi leikskólans.



Göngum, göngum... skoðum og upplifum



Eftir gönguferð var farið inn í leik með einingakubbana og unnið úr því sem börnin voru að upplifa og njóta í gönguferðinni.



Kisuhópur fór svo inn í leik með einingakubbana.

Börnin eru dugleg að sína hjálpsemi og allir hjálpast að við að ganga frá .

← Lagið Frost er úti fuglinn minn var sungið og fuglunum gefið að borða.





Börnin í Smáholti í leik með myndvarpa.



Töfrar, svona er veröldin okkar ,sem laðar og lokkar.....



Myndlistarmenn í Smáholti að störfum. Ég skala mála allan heiminn elsku mamma...

Bestu kveðjur frá okkur öllum í Leikholti.

Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181
www.laugaras.is Félagsmálastjóri: [María Kristjánsdóttir](#).

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási [Sigurjón Árnason](#). 884-1180
Hann sinnir félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og barnavernd.

Deildarfundur Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeilda SS.

verður haldinn í Brautarholti
miðvikudaginn **25. febrúar kl. 20.30.**

Veitingar verða í boði félagsins.

Hvetjum sem flesta til að mæta.

Deildarstjórar.

Félagsvistin í Brautarholti!



Nú er um að gera að mæta á síðasta spilakvöld Ungmenna-
félags Skeiðamanna, föstudagskvöldið 13. febrúar.

Byrjum stundvíslega kl 20:00. Spilakortið kostar kr. 500 og
veglegir vinningar eru í boði og opin sjoppa. Vonumst til að sjá sem
flesta, unga sem aldna, koma og spila félagsvist í góðum félagsskap.

Ungmennafélag Skeiðamanna.

Sumarstörf laus til umsóknar í Neslaug og Skeiðalaug!



Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2014 við
sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga!

Upplýsingar veitir Eypór í síma 897-1112

Á bak við eldavélina!

Hermann Þór Karlsson á Efri-Brúnavöllum 1 deilir með okkur einni af sínum uppskriftum:



Kæru sveitungar,

það kom mér ekki á óvart að hún Matthildur skildi skora á mig því hún hefur verið í mat hjá mér mörg sumur og þekkir því mína snilli af eigin raun. Annað sem bendir til nokkurs hæfileika í matreiðslu er að ég hef, mér vitanlega, engan drepð ennþá, og tek því þessari áskorun fullur af sjálfstrausti. Hér fylgir uppskrift af pottrétt sem nýtur vinsælda á mínu heimili.

Gúllas 500-700 gr
Gulrætur 200- 300 gr
Hvítkál 200-300 gr
Laukur 1 st
Rjómaostur 200 gr
Tómatpúrra 200 gr
Nautakraftur



Brúna kjötið og laukinn á pönnu. Setja síðan í pott með tómát-púrrunni og nautakraftinum og sjóða í 30 mínútur (krydda með salti og pipar). Svo á að bæta rjómaostinum, kálinu (söxuðu) og gulrótum (sneiddum) saman við, og láta malla í 15 mín í viðbót.

Gott að hafa soðin hrísgrjón eða hvítlauksbrauð með.

Mig langar að skora á góða nágrannakonunni mína hana Elínu Moquist Húsatóftum 2 að koma með eitthvað af sínum uppskriftum handa okkur í næsta Fréttabréf. ☺

Kær kveðja
Hermann Þór.



„Frumkvöðladagur Uppsveitanna“.

Verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00-17:00
Dagurinn er haldinn í samstarfi sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og markmiðið er að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra á svæðinu.

Frá hugmynd til framkvæmdar - hugað verður að því hvernig er að hefja atvinnurekstur eða þróa. Stoðkerfið verður kynnt, styrkjamöguleikar og reynslusögum deilt. Í lok fundarins hafa áhugasamir tækifæri til að viðra hugmyndir sínar við ráðgjafa. Fyrirhugað er að fá á fundinn fulltrúa úr stoðkerfinu s.s. Nýsköpunarmiðstöð, Atvinnuráðgjöf SASS og Frumkvöðlasetri.

Staðsetning fundarins er á Cafe mika í Reykholti.

Nánari upplýsingar verða gefnar út síðar á heimasíðum sveitarfélaganna og í dreifibréfi.

Einnig má hafa sambandi við ferðamálafulltrúa

asborg@ismennt.is

Vantar þig gjöf—eða gjafir?

Alltaf eitthvað nýtt — jafn vetur sem sumar!

Handunnir skartgripir, lyklakippur og vasapelar úr minkaskinni og roði.

Hafið samband í síma 4866047 eða 8986047. Katrín í Ásaskóla.



Fylgist með á
www.upplit.is



10. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 04. febrúar 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Gunnar Örn Marteinsson og Kristjana H Gestsdóttir er sat fundinn í forföllum Höllu Sigríðar Bjarnadóttur. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá mál 33. Fjárframlag til kirkjugarðsins að Stóra-Núpi.

Dagskrá:

1. Kynning áætlana og hugmynda Landsvirkjunar um framkvæmdir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á næstunni. Helgi Bjarnason verkefnisstjóri Landsvirkjunar mætti til fundar undir þessum lið. Helgi kynnti áætlanir um virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Hvað Hvammsvirkjun varðar er útboðshönnun langt komin og verður líklega lokið á komandi sumri. Gangsetning getur orðið ca þremur árum eftir að útboð hefur farið fram. Framleiðslugeta Hvammsvirkjunar er áætluð um 93 MW vatnasvið er 7,578 (km²). Flatarmál Hagalóns 4 (km²). Helgi sýndi afstöðu og staðsetningu virkjunarinnar með myndrænum hætti. Stöðvarhús verður staðsett við Skarðsfjall í Landsveit. Hagalón er myndað með stíflu í Þjórsá við Minnanúpshólma. Frárennsli verður um jarðgöng og opinn skurð til Þjórsár við Ölmóðsey. Seyðafleyta og fiskistigi verða við hlið stíflunnar. Helgi kynnti áform um Holtavirkjun en áætlað afl hennar verður um 53 MW. Stöðvarhús virkjunarinnar verður í námunda við bæinn Akbraut í Holtum. Hluti af ofangreindum áformum er bygging brúar á Þjórsá við fossinn Búða. Vatnasvið verður um 7.600 km². Flatarmál lóns 4,6 km².

Urriðafossvirkjun er neðst þeirra virkjana sem áform eru um. Hún verður við samnefndan bæ í Flóahreppi. Áætlað afl hennar er 140 MW. Vatnasvið 7.600 km² Flatarmál lóns 8,6 km². Gangsetning áætluð um 3.5 árum eftir að framkvæmdir hefjast. Fiskistigi og seiðafleyta verður við virkjunina auk fiskiteljara. Byggir á miðlun ofar í Þjórsá. Helgi sagði frá hugmyndum um Skrokkölduvirkjun og Norðlingaölduveitu við Þjórsárver og væntanlegu umfangi hennar. Norðlingaöldulón. Vatnasvið 846 m² 75 m³ rennsli á sekúndu. Kjalölduveita er ein þeirra veita sem fyrirhuguð er á Gnúpverjaafrétti. Áætlað afl hennar er 44 MW. Tillögur um tvær ofangreindar virkjanir hafa verið sendar til umsagnar yfirvalda þar sem óskað er eftir því að þær verði settar í nýtingarflokk. Helgi sýndi gröf um rennsli í fossinum. Samningar um vatnsréttindi við landeigendur eru flestir frágengnir. Helgi sagði frá hugmyndum um virkjun Stóru-Laxár. Þar hefur verið unnin rannsóknaráætlun og metin hagkvæmni virkjunar.

Meðal þess sem rannsakað hefur verið er jarðfræði, umhverfi, aðkomuleiðir og leiðir til línulagna. Lón virkjunarinnar verður í Illaveri á afrétti Flóamanna. Stöðvarhús verður við mót Skillandsár og Stóru-Laxár nokkru ofan Hrunakróks. Aflgeta virkjunar er áætluð 30-35 MW. Flatarmál lóns er um 5 km². Stefnt er að frumhönnun virkjunar árið 2016.

Meike Witt tók til máls og spurði um umhverfismat og benti á að langt væri síðan slíkt hefði verið gert og spurði hvort gera þyrfti nýtt mat. Helgi sagði það ekki vera ljóst enn. Í ferli er að meta það hjá Skipulagsstofnun. Meike benti á að ekki hefðu verið metin samfélagsleg áhrif vegna Hvammsvirkjun. Hún spurði Helga álits. Hann sagði þessi áhrif verða skoðuð í rýniskýrslu. Verður það sett í hendur sveitarstjórnar. Meike spurði um tilfærslu á línun, Helgi sagði það vera óverulegt. Ekki munu verða línur ofanjarðar vegna fyrirhugaðra virkjana á Gnúpverja-afrétti. Meike benti á að farvegur Þjórsár geti orðið þurr á vissum svæðum og spurði um hættu á sandfoki. Helgi sagði að til stæði að gróðursetja á slíkum svæðum og verið sé að rannsaka það hvaða gróður henti. Meike spurði um eftirspurn eftir rafmagni. Helgi sagði einkum um tvo kaupendur að ræða auk almenns markaðar að því rafmagni sem á að framleiða í neðri hluta Þjórsár annar er í Helguvík og hinn á Grundartanga. Ekki er horft til flutnings rafmagns um sæstreng. Umræða varð um þörf á nýtingu orku í heimabyggð.

2. Aðalskipulag. Uppfærsla, staða verks og næstu skref. Pétur Ingi skipulagsfulltrúi mætti til fundar undir þessum lið. Pétur sagði ekki verða um stórfelldar breytingar að ræða spurning hvort sveitarstjórn telji þörf á endurskoðun. Hún getur verið með ýmsum hætti. Um getur verið að ræða að taka fyrir alla þætti eða einstaka hluta aðalskipulagsins. Til dæmis má nefna þar fornleifar. Á þessari stundu segir Pétur að staðan sé sú að sveitarstjórn spyrji sig hvort núverandi aðalskipulag þarfnist endurskoðunar við í stórum eða smáum dráttum og hvað þurfi að skoða. Meike spurði um atriði varðandi Þjórsárdal og hvort áform þar kalli á endurskoðun tilheyrandi þátta í aðalskipulagi. Pétur sagði svo vera, þar komi til þættir svo sem varðandi ferðaþjónustu. Frá því núverandi aðalskipulag var samþykkt hafa komið nýstárleg mál eins og uppsetning á vindmyllum sem kallar á breytingu aðalskipulags. Nokkuð hafi einnig borið á áhrifum flóða og væntum áhrifum þeirra með öðrum hætti en áður hafi gerst.

Ferðaþjónusta er fyrirferðarmeiri en áður var og kallar það á vangaveltur í aðalskipulagsgerð. Pétur sagði vera æskilegt að sveitarstjórn lesi gögn vel og meti hvað gera skuli í framhaldi benti hann á að gott væri að halda íbúafundi um uppfærslu aðalskipulags í þeim tilgangi að kalla fram hugmyndir. Hvatti hann einnig til þess að sveitarstjórn setji sér tímamörk varðandi uppfærslu skipulagsins.

3. Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu. Fyrir fundinum lá bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélaga við tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026. Lögð var fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.01.2015 um landsskipulagsstefnu 2015- 2026. Sérfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa yfirfarið tillöguna og notið til þess aðstoðar skipulagsmálanefndar sambandsins og fulltrúa sambandsins í ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu. Til grundvallar þeirri umfjöllun voru lögð fram vinnuskjöl sem fylgdu með umsögn þeirri þar sem fram kemur greining á tillögum og skýringum í tillögunni. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir umsögn Sambandsins

4. Umsókn um lóð við Bugðugerði. Fyrir fundinum lá umsókn frá Selásbyggingum ehf um parhúsaloðina Bugðugerði 3A og 3B í Árneshverfi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta umræddri lóð til Selásbygginga ehf.

5. Hrunamannahreppur, aðalskipulag 2016-2028. Beiðni um umsögn. Ekki eru gerðar athugasemdir við framkomin gögn um aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2028.

6. Starfsmannamál. Lagt fram og kynnt.

7. Þjórsárdalur. Kynning á hugmyndum og þróunarmöguleikum.

Einar Bjarnason formaður atvinnumálanefndar lagði fram glærुकynningu sem atvinnumálanefnd hefur samið um Þjórsárdal. Í kynningunni er lögð áhersla á svæðið, söguna, náttúruna og forsendur þar til framtíðar. Nefndin leggur upp úr verndun þeirra minja sem til staðar eru og nýtingu tækifæra sem eru til staðar í Þjórsárdal. Meike sagði ferðaþjónustuaðila leita að nýjum áfangastöðum einkum á Suðurlandi og taldi allt benda til þess að Þjórsárdalur væri í ljósi þess ákjósanlegur staður. Talið er að þegar komi um 40.000 manns á ári í Þjórsárdal. Meðal fundarmanna komu fram vangaveltur um hvort æskilegt væri að beina ferðamönnum á svæðið. Ákveðið að halda íbúafund á næstu vikum þar sem áform um Þjórsárdal verði kynnt.

8. Þjórsárdalslaug ehf. Staða mála hjá leigutaka. Máli frestað.

9. Atvinnuefingarsjóður Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í 12. Grein samþykktar sjóðsins segir að „Sjóðurinn skal hefja starfsemi 1. apríl 2010. Starfslok hans skulu ákvörðuð af sveitarstjórn en endurskoðun á samþykktum og starfsemi skal fara fram að loknum 2 ára starfstíma. „ Í ljósi þeirrar endurskoðunar skal taka ákvörðun um framhald starfseminnar.“

Nokkur umræða varð um framtíð sjóðsins. Lögð var fram svohljóðandi tillaga. „Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að Atvinnueflingarsjóður Skeiða- og Gnúpverjahrepps verði starfræktur til 31. desember 2016. Umsóknnum um styrki úr sjóðnum verði skilað fyrir 1. apríl ár hvert. Úthlutað verði úr sjóðnum 1. maí ár hvert.“ Tillaga samþykkt samhljóða.

10. Þingmál nr. 244 Þingsályktun um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða. Breytingartillaga og frávísunartillaga. Lögð var fram breytingartillaga um þingsályktun um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða frá meirihluta Atvinnuveganefndar Alþingis. Auk þess var lögð fram frávísunartillaga um sama þingmál frá minnihluta Atvinnuveganefndar Alþingis.

Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Witt og Einar Bjarnason lögðu fram svohljóðandi bókun vegna breytingartillögu formanns atvinnuveganefndar Alþingis við tillögu til þingsályktunar, þingskjal 273, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er sem meðal annars er lagt er til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færist einnig í orkuýtingarflokk. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á alþingi að láta verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða fjalla um flutning Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk áður en tekin er ákvörðun á Alþingi. Órökstuddur flutningur virkjana milli flokka er ekki trúverðugur.

Gunnar Örn Marteinnsson og Kristjana H. Gestsdóttir lögðu fram svohljóðandi bókun: Við erum sammála breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/-141 frá meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis. Hvað varðar þá virkjanakosti sem eru að hluta til í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, það er Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun er rétt að benda á að þær hafa allar verið samþykktar í sveitarstjórn mótatkvæðalaust eftir að ljóst var að mati sveitarstjórnar að rétt hafi verið staðið að hlutunum.

Rétt er einnig að benda á að sveitarstjórn setti það sem skilyrði fyrir því að Hvammsvirkjun og Holtavirkjun yrðu samþykktar á aðalskipulagi sveitarfélagsins að Landsvirkjun gengi fyrst frá samningum við þá landeigendur sem myndu tapa landi undir fyrirhugaðar framkvæmdir.

Hvað varðar Hagavatnsvirkjun hefur hún sérstöðu að því leyti að hún hefur ekki verið tekin til afgreiðslu í verkefnastjórninni, velta má fyrir sér hvort það væri æskilegra áður en hún er sett í nýtingarflokk, þó hefur margoft verið á það bent að hún gæti haft jákvæð umhverfisáhrif.

11. Þingmál 634. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunn-skóla. Sveitarstjórn tekur undir frumvarpið.

12. Umsókn Flóahrepps um aðild að Tæknisviði Uppsveita. Fyrir fundinum lá beiðni Flóahrepps um aðild að Tæknisviði Uppsveita. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða aðild Flóahrepps að Tæknisviðinu.

13. Skólaakstur, útboð fyrirkomulag. Sveitarstjóri falið að ganga frá útboða-gögnum fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Samþykkt einnig að sveitarstjóri fái heimild til að leita til sérfræðinga ef þörf gerist.

Samningar

14. Kynning á þjónustu Náttúru.is ásamt drögum að samningi. Fyrir fund-inum lágu drög að samningi um samstarf um endurvinnslukort. Samþykkt að ganga ekki að samningi við Náttúru.is að svo stöddu.

15. Samningur við Orna ehf um félagsheimilið Árnes og tjaldsvæði. Þarfnast staðfestingar. Samningar staðfestir.

Styrkbeiðnir

16. Beiðni um styrk frá Ómari Smára. Útgáfa Hjólabókarinnar. Um er að ræða væntanlega útgáfuhjólabókar um Suðurlands. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins óska eftir útskýringum höfundar bókarinnar um hvaða hjólaleiðir verði skilgreindar í bókinni.

17. Beiðni um styrk frá SSK. Lögð var fram beiðni frá Sambandi Sunn-lenskra kvenna undirrituð af Elínborgu Sigurðardóttur og Rosmarie Þorleifsdóttur um styrk til auglýsingar. Samþykkt samhljóða að styrkja SSK með kaupum á aug-lýsingu með Logo fyrir 25.000 kr.

Fundargerðir

18. Fundargerð 82. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr.13,14 og 15 þarfnast staðfestingar.

Mál nr. 13. Fossnes 166548. Hellholt Stofnun lóðar 1501018. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir skiptingu lands samkvæmt 13. grein Jarðarlaga.

Mál nr. 14. Fossnes 166548. Breytt stærð. 1501025. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir frestun afgreiðslu málsins og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjendur málsins.

Mál nr. 15. Fossnes 176972 sameining lóða 150123. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti með fyrirvara um lagfæringu gagna.

19. Fundargerð 83. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 14 og 16 þarfnast staðfestingar. Mál nr. 15 er til kynningar.

Mál nr. 14 Sandlækjarkot 2 179080 Vélageymsla/hæsnahús

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir frestun málsins og að leitað verði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr 16. Landsskipulagsstefna 2015-2026 151017.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og felur fyrir sitt leyti skipulagsfulltrúa að drög að umsögn um Landsskipulagsstefnuna.

20. Fundargerð 3. fundar Afréttarmálanefndar Gnúpverja.

Fundargerð staðfest.

21. Fundargerð 21.fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

22. Starfsáætlun Skóla og velferðarnefndar. Lögð fram og kynnt.

23. Fundargerð Skóla- og velferðarnefndar. Lögð fram og kynnt.

24. Fundargerð Nefndar oddvita og sveitarstjóra (NOS) frá 14. jan 2015.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

25. Fundargerð Nefndar oddvita og sveitarstjóra (NOS) frá 29. jan 2015.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

26. Fundargerð 3. fundar Skólanefndar Flúðaskóla. Fundar gerð staðfest.

27. Fundargerð 4. fundar menningar- og æskulýðsnefndar 12.01.15.

Fundargerð staðfest.

28. Fundargerð 3. fundar Atvinnumálanefndar 20.01.15. Fundar gerð staðfest.

Samþykktir

29. Samþykktir Byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls.

Umræðu vísað til seinni umræðu.

30. Breyting á samþykktum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Varðar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls BS. Máli frestað til næsta fundar.

Annað

31. Kynnisferð Skipulagsnefndar uppsveitar til Skotlands og Danmerkur.

Samþykkt að oddviti eða varaoddviti fari í umrædda kynnisferð á vegum sveitarfélagsins.

32. Tilnefning í innflytjendahóp. Lagt var fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi bakhópa sveitarfélaga um innflytjendamál. Samþykkt að tilnefna Meike Witt.

33. Fjárfarmlag til Kirkjugarðs að Stóra- Núpi.

Fyrir fundinum lá framkvæmdaáætlun frá sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju um lagfæringar á kirkjugarðinum er hljóðar upp á 2.7 milljónir kr. Samþykkt var fjárveiting fyrir verkefninu á árinu 2013. Ekki varð úr framkvæmdum á því ári. Unnið er að framkvæmdum um þessar mundir. Þau mistök voru gerð að setja ekki fjárveitingu til verksins á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Samþykkt að veita til verkefnisins 2.8 milljónir kr. að svo stöddu. Samþykkt að óska eftir upp-
færðri kostnaðaráætlun um verkefnið.

Mál til kynningar:

- A. Fundargerð 235 fundar Sorpstöðvar Suðurlands.
- B. Fundargerð 489 fundar stj. SASS.
- C. Fundargerð 19 fundar stj. Félags orkusveitarfélaga.
- D. Stefnumótun Þjóðskjalasafns.
- E. 237. Fundur stj. Sorpst.
- F. Leiðbeiningar um gerð siðareglna.
- G. Fundargerð Túns ehf.
- H. Lífshlaupið 2015.
- I. Barnalífeyrir vegna náms.
- J. Fundargerð 10 fundar stjórnar málefna fatlaðs fólks.
- K. Menntaverðlaun SASS.
- L. Frumvarp til laga um örnefni.
- M. Fundargerð um mál hjólhýsabyggðar.
- N. Rammaáætlun. Frá kynningarfundi 29.01.15.

Fundi slitið kl 19:25

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 4. mars n.k. kl 14:00.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866
OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga ☞ 11- 13 laugardaga.

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:****kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda****Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00****Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.****sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is****Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar****892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.****892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur***Með kveðju.**Starfsfólk Flúðaleiðar*

**Opnunartími í vetur er frá 11—21
alla daga vikunnar. Krafturinn úr
náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!**

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

**Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hruna-
manna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-****

**Þjósárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar
Leifsson. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi**

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***



Uppsveitadeildin 2015



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta hefst föstudaginn 20. febrúar 2015 í Reiðhöllinni Flúðum.

Fyrsta kvöldið verður keppt í fjórgangi. Föstudaginn 20. mars hefst keppni í fimmgangi og lokakeppnin í tölti og fljúgandi skeiði verður haldin þann 17. apríl. Að þessu sinni etja saman kappi sína átta keppnislið frá félögunum þremur. 24 knapar munu sína okkur sínar bestu hliðar og án efa verður hart barist um að komast í úrslit.

Í keppnisliðunum átta eru 36 knapar. Þar má sjá reynda keppnisknapa í bland við þá sem eru að byrja keppnisferil sinn. Spennandi verður að sjá hverjir standa uppi sem sigurvegarar

Hestamannafélagið Logi

Knútur Ármann.
Linda Karlsson.
Dórothea Ármann.
Guðrún Magnúsdóttir.
Líney Kristinsdóttir.

Arnar Bjarki Sigurðarson.
Árný Oddbjörg Oddsdóttir.
Sólun Morthens.
Þórey Helgadóttir.

Kristján Ketilsson.
Emil Þorvaldur Sigurðsson.
Jón Óskar Jóhannesson.
Finnur Jóhannesson.

Hestamannafélagið Smári

Guðjón Örn Sigurðsson.
Hulda Finnsdóttir.
Eiríkur Arnarsson.
Tor Steinsson Sorknes.
Gunnlaugur Bjarnason.

Sigurbjörg Bára Björnsdóttir.
Hermann Þór Karlsson.
Gunnar Jónsson.
Birna Káradóttir.

Guðmann Unnsteinsson.
Ragnhildur S. Eyþórsdóttir.
Björgvin Ólafsson.
Björgvin Viðar Jónsson.

Berglind Ágústs dóttir.
Jón William Bjarkason.
Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson.
Hannes Gestsson.
Bjarni Birgisson.

Hestamannafélagið Trausti

Bjarni Bjarnason.
Ragnheiður Bjarnadóttir.
Halldór Þorbjörnsson.
Guðjón Sigurliði Sigurðsson.
Hildur Kristín Hallgrímsdóttir.

Ljósleiðarinn!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

FARARHEILL EÐA FEIGÐARFLAN?

Málþing um öryggi ferðalanga og náttúruvernd

Rótarýklúbbur Rangæinga í samstarfi við Lögreglustjórn á Suðurlandi býður til **málþings í Gunnarsholti 26. febrúar 2015** um náttúruvernd og öryggi í ferðamennsku. Aukin örtröð ferðamanna á Suðurlandi veldur álagi á viðkvæma náttúru svæðisins og þá aðila sem tryggja eiga öryggi ferðamannsins.

Leitað verður svara við því hvernig byggja megi upp ferðaþjónustu í sátt við náttúruna með öryggi ferðalanga að leiðarljósi.

Þingið hefst kl. 12:30 og lýkur kl. 16:00.

Dagskráin verður auglýst síðar á www.rotary.is



Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi



Vetraropnun

Nú tökum við á því.

Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga 18 — 22

Laugardaga 12 — 18

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga 18 —22

Fimmtudaga 18 —22

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Frítt 67 ára og eldri.

Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Vörur tengdar sundi seldar í afgangslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.



Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun.

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺